

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 289/2005 um merkingar búfjár.

1. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ í 20. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: Matvælastofnunar.

2. gr.

24. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

**MARK:** Veflægt tölvukerfi til skráningar á upplýsingum í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. MARK skal hafa stranga aðgangsstýringu samkvæmt reglum sem Matvælastofnun setur.

3. gr.

13. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Upplýsingar samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skulu skráðar í tölvukerfið MARK sem skal vera aðgengilegt Matvælastofnun og umráðamönnum búfjár.

Matvælastofnun hefur umsjón með og ber ábyrgð á rekstri kerfisins en felur Bændasamtökum Íslands, eða öðrum þar til bærum aðilum, tæknilega umsjón með móttöku og skráningu upplýsinga, þróun og viðhald kerfisins og úrvinnslu gagna í samvinnu við stofnunina.

Matvælastofnun hefur eftirlit með skráningu upplýsinga í kerfið.

Matvælastofnun hefur fullan aðgang að öllum upplýsingum í kerfinu og umráðamenn búfjár að upplýsingum er varða eigin gripi. Stofnunin getur veitt öðrum aðilum aðgang að upplýsingunum samkvæmt nánari reglum sem hún setur.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. reglugerðarinnar:

Orðin „eða frostmerkja“ í 1. mgr. 17. gr. falla brott.

Orðin „eða frostmerkt“ í 2. mgr. 17. gr. falla brott.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 12. mars 2009.*

F. h. r.

**Kristinn Hugason.**

\_\_\_\_\_  
*Guðlaug Jónasdóttir.*